

Ed.

1351. Breytingartillögur

[423. mál]

við frv. til l. um viðskiptabanka.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. 3. gr. orðist svo:

Um heimili og varnarþing viðskiptabanka fer eftir samþykktum þeirra. Viðskiptabanka er heimilt að starfrækja útibú vegna starfsemi sinnar þar sem bankaráð ákveður og að fullnægðum skilyrðum laga þessara.

2. 8. gr. hljóðar svo:

Ráðherra getur veitt hlutafélagsbönkum, sem eiga lögheimili og varnarþing erlendis, leyfi til að starfrækja banka hér á landi. Bönkunum er heimilt að taka við innlánnum, veita útlán og stunda verðbréfavíðskipti.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um þá er setja á stofn banka samkvæmt 1. mgr. en að öðru leyti setur ráðherra nánari reglur um starfsemi þeirra að fengnum tillögum bankaeftirlitsins. Ráðherra ákveður gjald fyrir veitingu leyfis til starfrækslu erlendra banka.

Tilkynningar, sem senda skal hlutafélagaskrá samkvæmt XVII. kafla laga um hlutafélög, skulu einnig sendar bankaeftirlitinu.

3. Við 9. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Viðskiptaráðherra skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi þessara manna.

4. Á eftir 9. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþingismenn í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

5. Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður er orðist svo:

Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagabanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagabanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. janúar 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5 af hundraði hlutafjár.

Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. desember 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.

Viðskiptaráðherra fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi.